

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

SEPTEMBER 2021




9. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4 og 6
Viðtal við
Magnús Geir
Þórðarson
Þjóðleikhússtjóra

Hvílustæði á Torgum í biðstöðu



Hvílustæði er þema verkefnisins Torg í biðstöðu á þessu sumri. Eitt þessara verkefna er við ísbúðina Valdísi á Grandagarði. Verkefnið kallast brim og er hugsað sem óhefðbundið en grípandi og notalegt útsvæði á Granda enda var tengingin við hafið leiðarstefið. Á myndinni eru Elín Erla Káradóttir, mastersnemi í landslagsarkitektúr og Þormar Ellert Jóhannsson höfundur verksins í Örfirisey við verk sitt. Nánar er fjallað um Torg í biðstöðu í máli og myndum á bls. 8.




Betri laun




VIRTUS
Bókhald | Laun | Ráðgjöf
virtus.is

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



AF NÝSLÁTRUÐU HELGARTILBOÐ

23. til 26. september, á meðan birgðir endast

Lambalæri úr kjötborði
1498 kr/kg

Lambahryggir úr kjötborði
2898 kr/kg

Súpukjöt, svið og innmatur, lifur, hjörtu og nýru.



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

9. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

Níu skref

Nú hafa verið kynnar hugmyndir um framtíðarskipulag göngugatna í miðborg Reykjavíkur. Verkefnið nefnist níu skref og er dregið af því að göngugötusvæðinu er skipt niður í níu framkvæmdaskref. Tilgangurinn með því er að sem minnst rask hljótist af þeim. Tillögurnar voru unnar eftir forskrift og leiðbeiningum borgarhönnunar þar sem aðgengi allra, vörulósun, neyðarakstur og rými fyrir fólk var haft að leiðarljósi.

Þessar hugmyndir miða að því að fegra umhverfi miðborgarinnar og gera það áhugaverðara. Þessar hugmyndir munu kalla eftir meiri umferð fólks. Þær munu kalla eftir að það muni staldra lengur við og njóta þess sem umhverfið hefur að bjóða. Hvort sem það eru verslanir, veitingastaðir, menningarviðburðir, útivist eða annað.

Á síðustu öld vakti athygli þess sem þetta ritar hvað göngugötur í nærborgum – borgum á borð við Osló og Kaupmannahöfn voru undirlagðar af fólki. Árið 1966 óku rafdrifnir vagnar um miðborg Oslóar og umferðin í Kaupmannahöfn var um margt auðveldari en í Reykjavík norðursins.

Fyrir eigi svo löngu var voru ummerki niðurníðslu víða í miðborg Reykjavíkur. Svæðið sem Hafnartorg er nú var órykbundið malarbílastæði. Við Hverfisgötuna stóðu ónýtt hús. Sum hálf brunnin og augnstungin. Gatan var lengi hraðakstursgata á tveimur samhliða akreinum til austurs. Umgangur við bakhluta margra húsa í miðborginni og jafnvel við Laugavegin var ekki til fyrirmyndar.

Fagna ber þeirri vakningu sem orðið hefur fyrir miðborg Reykjavíkur. Í dag er um allt annað umhverfi að ræða en var fyrir einum til tveimur áratugum. Enn er þó eitt og annað ógert eins og tillögurnar í níu skrefum bera með sér. Vonandi heldur þessi þróun áfram.

Ekki lengur kennt í húsi guðs

- gert ráð fyrir að ráðist verði í nýbyggingu MR innan tíðar



Casa Christi eða hús guðs við Amtmannsstíg var byggt 1907 og er talið ónýtt.

Líkur eru á ekki verði kennt frammar í Casa Christi eða húsi guðs við Amtmannsstíg þar sem séra Friðrik Friðriksson réð ríki á liðinni öld. Casa Christi var reist árið 1907 eftir uppdrætti Einars Einarssonar húsameistara. Félagsheimili KFUM og KFUK var þar til að starfsemi þeirra var flutt á Holtaveg. Þá eignaðist Menntaskólinn í Reykjavík húsið og lagt var í lágmarksviðhald. Rætt var um það að þetta yrði bráðabirgðahúsnæði sem kennt yrði í fimm til sjö ár. Síðan eru liðin áratugir.

Úttekt var gerð á húsinu og skýrslu um ástand þess skilað fyrir skólabyrjun í haust. Þá varð ljóst að ekki sé boðlegt að kenna í húsinu. Reykjavíkurborg hefur samþykkt að láta rífa bygginguna sem er á þeim hluta lóðarinnar þar sem nýtt húsnæði skólans á að rísa. Minjastofnun hefur lagt til að húsið verði reist í upprunalegri mynd á nýjum stað enda er húsið friðað. Endurbygging Casa Christi er þó ekki á dagskrá hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Aðrir aðilar verða að

koma að því að endurreisa húsið ef af því á að verða. Lengi hefur staðið til að byggja við skólann. Meðal annars var haldin samkeppni um nýja byggingu fyrir aldarfjórðungi en það hús var aldrei byggt. Skólinn er nú með starfsemi sína í tíu húsum á svokölluðum Menntaskólareit sem afmarkast af Þingholtsstræti að Lækjargötu og Amtmannsstíg að Bókhöfðustíg.

Borgarráð Reykjavíkur hefur nú fallist á að ganga til viðræðna um sameiginlega framkvæmd með ríkinu að nýju húsnæði. Áætlað er að það muni kosta um 2.6 milljarða króna. Gert er ráð fyrir ríkið taki á sig 60% kostnaðarins og Reykjavíkurborg 40%. Ljóst er að stór hluti húsnæðisins og lóðarinnar verður undirlagður framkvæmdum því er gert ráð fyrir að ríkissjóðir greiði 750 til 900 milljónir króna í leigu á bráðabirgðahúsnæði fyrir skólahaldið á meðan, eða í um fjögur til fimm ár. Í nýja húsnæðinu verður bæði aðstaða fyrir mótuneyti sem og skrifstofurnar en þær síðarnefndu taka nú stóran hluta af Gamla skóla.

Sjávarmál sett upp á Eiðsgranda



Sjávarmál á ströndinni við Eiðsgranda.

Listaverkið Sjávarmál hefur verið sett upp á sjávarkambinum á Eiðsgranda í Reykjavík. Höfundar listaverksins eru arkitektarnir Baldur Helgi Snorrason og David Hugo Cabo í samstarfi við Andra Snæ Magnason rithöfund. Verkið var valið úr sjöttu innsendum tillögum um nýtt útilistaverk í Vesturbænum.

Í niðurstöðu dómnefndar segir meðal annars að

Sjávarmál sé einstakt verk sem skapi spennandi umhverfi og fjalli um aðkallandi viðfangsefni um leið og það uppfylli öll skilyrði samkeppninnar um að auðga mannlíf í Vesturbænum. Verkið er til móts við Keilugranda, vestan megin við dælustöðina og blasir við hafi. Ekkert annað útilistaverk er fyrir á þessu svæði og nýja verkið er talið auka notagildi og aðdráttarál svæðisins fyrir íbúa og þá sem þar eiga leið um.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finnu okkur á
Facebook



LÆKKUM KOSTNAÐ HEIMILANNA

Tryggjum stöðugleika, lægri vexti og ódýrari matarkörfu með því að festa gengi krónunnar við evru. Þannig auðveldum við ungu fólki og fyrirtækjum að koma undir sig fótunum í íslensku samfélagi.

GEFÐU FRAMTÍÐINNI TÆKIFÆRI



**Daði Már
Kristófersson**
2. sæti Reykjavík suður

**Hanna Katrín
Friðriksson**
1. sæti Reykjavík suður

**Dorbjörg Sigríður
Gunnlaugsdóttir**
1. sæti Reykjavík norður

**Jón Steindór
Valdimarsson**
2. sæti Reykjavík norður

Fólk er orðið óþreygjufullt að komast í leikhús

- segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri

„Leikárið er hafið af krafti og við erum full tilhlökkunar að taka á móti gestum á fjölbreyttar sýningar þess. Síðasta eitt og hálf ár hefur verið krefjandi vegna samkomutakmarkana og á þeim tíma höfum við lært margt og nýtt tímann vel. Því mætum við nýju leikári afskaplega vel undirbúin og klár í slaginn. Það sama má segja um áhorfendur því við finnum fyrir miklum leikhúsporsta og áhuga meðal gesta enda gengur sala áskriftarkorta og miða á einstaka sýningar óskaplega vel. Leikárið er afar fjölbreytt og metnaðarfullt. Við finnum að fólk þráir að fá að koma í leikhúsið og upplifa leikhústöfrana og láta hreyfa við sér,“ segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri í Þjóðleikhúsinu í spjalli við Vesturbæjarblaðið en þegar er uppselt á fjölmargar sýningar haustsins, sýningar á Vertu úlfur, Rómeó og Júlíu og Kardemommubæinn.

Magnús Geir fékk leikhúsbakteríuna ungur að árum. Aðeins níu ára að aldri setti hann upp sína fyrstu leiksýningu og var svo á kafi í leikhúslífi alla barnæskuna. Eftir nám í leikstjórn leikstýrði hann fjölmörgum sýningum og tók fljótlega við sinni fyrstu leikhússtjórastöðu en síðan hefur hann stýrt öllum þremur atvinnuleikhúsum landsins, Leikfélagi Akureyrar, Borgarleikhúsinu og nú Þjóðleikhúsinu auk annarra leikhúsverkefna. Þá var hann útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, RÚV á árinum 2014 til 2020. Leikhúsin sem Magnús hefur stýrt hafa gengið afar vel undir hans stjórn og það sama má segja um starfsemi RÚV. Í hans tíð hjá RÚV vakti athygli hvernig áhersla á íslenskt efni og menningarefni stórkjóst jafnframt því sem nýjar miðlunarleiðir voru innleiddar og þjónusta við börn var aukin.

Á milli menningar og viðskipta

Hvaðan kemur þessi ákafi áhugi á leikhúsi og menningarstarfsemi en einnig að láta starfsemi ganga rekstrarlega séð. Magnús Geir segir að þetta tvennt þurfi að fara saman enda er hann ekki ótengdur rekstri. „Ég er svo heppinn að hafa hlotið menningarlegt uppeldi þar sem ég fékk að njóta mikillar menningar í uppeldinu og listir voru eðlilegur hluti af lífi okkar. Á sama tíma hef ég alltaf haft áhuga á stjórnun og viðskiptum, meðal annars vegna nálægðar við foreldra mína og fjölskyldu,“ segir Magnús Geir. Foreldrar hans eru Þórður Magnússon

stofnandi og stjórnarformaður fjárfestingarfélagins Eyrir Invest og Marta María Oddsdóttir menntaskólakennari. Eldri bróðir Magnúsar er Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel og yngri bróðir hans er Gunnar Þórðarson leikstjóri. „Ég hef alltaf fengið mikla hvatningu frá fjölskyldu minni sem er mér mikils virði.“

Byrjaði fyrir tíu ára aldur

Á tíunda ári fór Magnús Geir með hlutverk í kvikmynd Hrafn Gunnlaugssonar Hrafninn flýgur. Sé flett í eldri fréttum og blöðum má sá eitt og annað um bernsku- og ungdómsár hans. Í Helgarpóstinum frá því í september 1983 má lesa eftirfarandi. „Magnús Geir Þórðarson heitir níu ára skólapiptur úr Melaskóla, sem hefur verið að dunda sér við að skrifa leikrit í frítíma sínum. Leikritin eru nú orðin 15 og verður eitt þeirra, „Keisarinn“, flutt á barnaskemmtun í tilefni 10 ára afmælis Flugleiða um næstu helgi.“

Leiðtogahæfni í menntaskóla

Þrátt fyrir leiklistaráhugann og ótrúlega framtakssemi fór Magnús Geir þessa hefðbundnu leið í Vesturbænum. Leiðin lá í Melaskóla og þaðan í Hagaskóla og svo í MR. Í Morgunblaðinu frá þeim tíma má lesa að á menntaskólaárunum í MR hafi Magnús Geir meðal annars tekið þátt í starfsemi Herranætur og leiðtogahæfni hans komið enn og aftur í ljós þegar hann hlaut afbragðskosningu sem Inspector scholae. Í Morgunblaðinu má einnig lesa að að Árni Oddur bróðir hans hafi haft orð á því að það sem einkenndi Magnús Geir strax þegar hann fór í leiklistina hafi verið þessi leiðtogahæfni hans, að geta myndað hóp og fengið hann með sér í stór verkefni.

Í leiklistarnám í Bretlandi

Eftir menntaskólann slitnaði hin hefðbundna keðja. Magnús Geir fór hvorki í lögfræði eða viðskiptafræði eða önnur fræði í Háskóla Íslands sem hefðu tengst fjölskyldu hans. Háskólanám af þeim toga heillaði hann ekki. Leiklistin hafði þá tekið huga hans. Hann hélt til Englands þar sem hann stundaði nám við Bristol Old Vic Theatre School, sem er virtur leiklistarskóli. Að námi lokni tók hann aftur við leiklistarstörf og einkum leikstjórn hér heima. Síðar lauk hann meistaranámi í leikhúsfraeðum frá University of Wales og



Magnús Geir Þórðarson og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir með tveimur sonum. Myndin var tekin þegar Vísindasýning Villa var frumsýnd í Borgarleikhúsinu fyrir nokkrum árum. Drengirnir hafa vaxið talsvert síðan.

MBA-námi frá HR 2005. Eftir heimkomuna starfaði hann fyrir Leikfélag Reykjavíkur og leikstýrði fjölmörgum leiksýningum. Hann stofnaði Leikfélag Íslands ásamt nokkrum félögum sínum og setti leikritið Stone Free eftir breska höfundinn Jim Cartwright á sviði í Borgarleikhúsinu. Jim Cartwright var orðinn þekktur og vinsæll höfundur í Bretlandi en þótti ekki alltaf fara hefðbundnar leiðir. Í þessu verki var hann að fjalla um hippatímabilið sem gekk yfir eftir miðja síðustu öld. Sýningin í Borgarleikhúsinu var heldur ekki hefðbundin. Áhorfendur sátu á sviðinu og vakti hún mikla athygli bæði fyrir efnisinnihald, leiktúlkun og umgjörð. Sýningin sló rækilega í gegn og gekk fyrir fullu húsi allt árið.

Fór til Akureyrar

Magnús Geir stýrði Leikfélagi Íslands næstu fimm árin og stýrði einnig nokkrum verkefnum bæði hér heima og í Bretlandi. Eftir það lá leiðin norður í land þar sem tók við starfi leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar árið 2004. Við tók mikið blómaskeið hjá Leikfélagi Akureyrar. „Ég lagði allt undir. Flutti til Akureyrar og fékk frelsi til að móta starfseminu að mestu eftir minni sýn. Okkur tókst að setja saman ótrúlega þéttan hóp sem saman skapaði

eftirminnilegar sýningar og leikhúsið fékk ótrúlegan meðbyr. Þetta var svakalega skemmtilegt og leikhúsið dró að leikhúsgesti af landinu öllu. Þarna eignaðist ég líka frábæra vini sem margir hverjir eru enn að vinna með mér í dag,“ segir Magnús Geir. Á Akureyri kynntist hann einnig Ingibjörgu Ösp Stefánsdóttur sem síðar átti eftir að verða eiginkona Magnúsar. Þau búa í Vesturbænum með fjórum af fimm börnum sínum. Ingibjörg er forstöðumaður samkeppnishæfnissviðs Samtaka atvinnulífisins.

Frábær samstaða og stemning í Borgarleikhúsinu

En leiðin lá aftur suður. „Já – eftir dásamleg ár á Akureyri bauðst mér að taka við Borgarleikhúsinu árið 2008. Ég sá ótal tækifæri í Borgarleikhúsinu og þar skapaðist frábær samstaða og stemning. Þrátt fyrir að efnahagshrunið skylli á fljótlega eftir að ég tók við sem leikhússtjóri, þá tókst okkur að sækja fram og margar áhugaverðar tilraunir voru gerðar.“ Borgarleikhúsið gekk vel í tíð Magnúsar Geirs, aðsókn stórkjóst og nýtt fyrirkomulag áskriftarkorta skilaði sér í algerri sprengju í fjölda kortagesta í leikhúsið.

Ekki leiður á leikhúsinu en spennandi að taka við RÚV

Leiðin lá svo til RÚV. Var Magnús Geir orðinn leiður á leikhúsinu? Hann segir það af og frá. Hann hafi fyrst og fremst verið upp með sér að leitað hafi verið til sín að stýra þeirri merku menningarstofnun sem RÚV er og jafnframt haft nokkuð skýrar hugmyndir um áherslubreytingar í starfsemi ríkisfjölmiðilsins. Hann segir að eitt meginverkefni sitt hafi verið að skerpa á hlutverki RÚV og sérstöðu. „Ég lagði áherslu á að auka framboð af innlendu efni og menningarefni auk efnis fyrir börn og ungmenni. Á þessum tíma var framleiðsla leikins efnis líka stóraukin og nýjar miðlunarleiðir í gegnum vef og snjallforrit þróaðar. Samhliða var tekið til í rekstrinum og tekið á margar ára uppsöfnuðum skuldavanda RÚV, m.a. með þróun og sölu byggingarlóða í kringum Útvarpshúsið.“ Magnús segist vera stoltur af árangri RÚV á þessum árum og að þessi tími hafi víkkað út sjóndeildarhringinn og kennt sér margt.

Framhald á bls. 6.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



XM | **Við óttumst ekki
mótlæti, því breytingar
gerast ekki öðruvísi!**

Dú átt að fá þinn hlut í Íslandsbanka, ekki vogunarsjóðir.

Framhald af bls. 4.

Við erum full af eldmóði

„Þótt staðan í RÚV hafi verið góð og ég hafi notið mín vel þar, þá togaði leikhúsið alltaf í mig. Því var það svo að þegar staða Þjóðleikhússtjóra losnaði, þá langaði mig í leikhúsið aftur. Enda er leikhúsið draumaveröld – alveg óskaplega heillandi. Mér fannst ég geta skilið við RÚV með góðri samvisku, margt hafði áunnist og staðan var afar sterk. Það var einstaklega ánægjulegt að koma aftur í leikhúsið og nú í sjálft Þjóðleikhúsið. Hér er ótrúlega merk saga, fullt af framúrskarandi listamönnum og starfsliði og húsið sjálft er einstakt leikhús. Jafnframt sá ég ótal tækifæri til að sækja fram og nú höfum við frískað upp á áherslur leikhússins, þétt og eflt hóp listamanna og listrænna stjórnenda og farið í gagngerar endurbætur á allri aðstöðu sem skilar sér í stórbættri upplifun leikhúsgesta, nýrri veitingasölu og þess háttar. Þrátt fyrir að Covid skylli á örfáum mánuðum eftir að ég tók við starfinu, þá hefur okkur tekist að koma á svið ófáum framúrskandi leiksýningum sem hafa hrifið áhorfendur og sópað til sín verðlaunum auk þess sem við höfum nýtt tímann vel í ýmis verkefni þar sem við fórum með leikhúsið út til fólksins á tímum faraldursins. Á sama tíma höfum við undirbúið þetta nýja leikar einstaklega vel og mætum full eldmóðs og ástriðu. Ég vona að vetrardagskráin beri þess merki. Við höfum haustið með sýningu á hinu klassíska verki Rómeó og Júlíu eftir William Shakespeare í leikstjórn Þorleifs Arnarsonar. Af öðrum verkum má nefna að Vertu úlfur og Nashyrningarnir snúa aftur á fjalirnar. Ásta er verk um æfi Ástu Sigurðardóttur skáldkonu og svo birtast hinir sívinsælu



Björn Thors í hlutverki sínu í verkinu Vertu úlfur. Ein sterkast sýning sem lengi hefur verið sett á fjalir Þjóðleikhússins.



Hið ódauðlega verk Romeo og Júlía er skrautfjöður Þjóðleikhússins á þess leikári. Verkið hefur verið fært í nútímalegan búning þar sem einkum er höfðað til ungs fólks.

þremmenningar og ræningjar Kasper, Jesper og Jónatan aftur á sviðinu. Ómögulegt er að nefna öll verkefni vetrarins hér en

þó má nefna tvær stórsýningar síðar á leikárinu, Framúrskarandi vinkonu eftir Eleno Ferrante í leikstjórn hinnar virtu Yael Farber



FRAMÚRSKARANDI VINKONA

Elena Ferrante

Framúrskarandi vinkonur eftir Eleno Ferrante verður sett á svið Þjóðleikhússins í vetur í leikstjórn Yael Farber.

og glænýr söngleikur, Sem á himni í leikstjórn Unnar Aspar Stefánsdóttur. Við erum full tilhlökkunar fyrir vetrinum og ég sjálfur fyllist ánægju og þakklæti á degi hverjum þegar ég geng upp að þessu töfrahúsi.“

Afskaplega ánægð í Vesturbænum

„Við erum í Vesturbænum og óskaplega ánægð. Ég er ekki

aðeins uppallinn í hverfinu með sterkar rætur í umhverfinu heldur hefur Vesturbærinn og umgjörð hans allt að bjóða. Stutt í Miðbæinn og nú er ég stundum farinn að hjóla í vinnuna. Við Ingibjörg mín búum við Ægissíðuna þar sem við höfum gott útsýni út á sjóinn. Fyrir utan stóru krakkana þrjá, þá erum við með tvo kraftmikla Vesturbæjarstráka sem hjóla í Melaskóla og KR á víxl.“

Kjötkompaní

GRILLUM
OG
NJTÖTUM



Hafnarfirði & Grandá

www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 📺 kjotkompani

PÍRATAR

LÝÐRÆÐI

EKKERT KJAFTÆÐI

25. september



Sex „Torg í biðstöðu“ endursköpuð

Í ár var sex verkefnum hrint í framkvæmd undir heitinu Torg í biðstöðu. Þetta eru verkefni sem unnin hafa verið á torgum og almenningssvæðum í borginni allt frá árinu 2011. Þema Torg í biðstöðu í ár er hvílustæði, sem er íslenskt nýyrði yfir enska orðið parklet, sem er samsett úr orðunum parking og outlet. Við ísbúðina Valdísi á Grandagarði er verkefnið sem kallast brim og er hugsað sem óhefðbundið en grípanði og notalegt útsvæði á Granda enda var tengingin við hæfið leiðarstefið. Sjá frétt á forsíðu.



Borgarvin á Baldurstorgi.

Borgarvin nefnist annað þessara verka. Þar er um að ræða innsetningu á Baldurstorgi úr endurunnu plasti eftir Björn Steinar Blumenstein og Brynjólf Stefánsson. Innsetningunni er ætlað að vera skemmtilegur vettvangur til fræðslu á þeim möguleikum sem endurvinnsla plastics hefur upp á að bjóða, en umfram allt hvílustæði til að staldra við í amstri dagsins.

Hvílustæði í Lækjargötu

Þriðja verkefnið er Parklet eftir Baldur Helga Snorrason. Er það hvílustæði í Lækjargötu. Park setpallarnir eru samsettir úr háum gróðurkerjum og kollum sem eru fastir við þau. Sætin snúa ýmist út að götunni eða að gangstéttinni og nýtast borð á milli sætanna fyrir veitingar eða sem handleggstoð.



Laut við Pétursbúð.

Náttúrugafar á Óðinsgötu og við Sundhöllina

Náttúrugafar nefnist fjórða verkjöld. Það er vegglistaverk við Óðinsgötu og neðan við Sundhöll Reykjavíkur eftir Stefán Óla Baldursson og Arnór Kára Egilsson. Markmið verkefnisins er að fríska upp á borgarbrag miðbæjarins með litríkum vegglistaverkum sem sýna myndefni úr nánasta dýra- og plönturíki.

Laut á ferð við Pétursbúð

Laut á ferð nefnist fimmta verið. Höfundar þess eru Dofri Fannar Gunnarsson,

Helga Björg Kormáksdóttir, Sigurbergur Hákonarson og Tómas Viðar Árnason. Um er að ræða hvílustæði framan við smávöruverslunina Pétursbúð við Ránargötu. Nemendur úr Listaháskólanum hönnuðu þetta hvílustæði sem samanstendur af notalegum bekkjum innan um fallegan gróður og skjólveggi.

Eldblóm í Hallargarðinum

Eldblóm eftir Sigríði Soffíu Nielsdóttir er framhaldsverkefni frá síðasta ári. Um er að ræða blómabeð í Hallargarðinum þar sem finna má ýmis blóm sem flugeldahönnuðir sækja sér innblástur til. Hugmyndina átti Sigríður Soffía en Zuzana Vondra Krupkova, garðyrkjufraeðingur og yfirverkstjóri hjá Reykjavíkurborg, ræktaði blómin og hafði umsjón með útfærslunni.



Hvílustæði við Lækjargötu.



Náttúrugafar við Sundhöllina.



Eldblóm í Hallargarðinum.

20% AFSLÁTTUR AF
VIRIDIAN
VÍTAMÍN, BÆTIEFNI,
JURTIR OG OLÍUR

13.-30. SEPT



Afgreiðslutími:

Mán: 11-16

Þri-fös: 11-18

Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK

systrasamlagid.is

@systrasamlagid

Sími: 511 6367



D

Land tækifæranna

Við viljum halda áfram að lækka skatta og bæta lífskjör, nýta græna innlenda orku í stað olíu og taka upp 90 daga þjónustutryggingu til að eyða biðlistum í heilbrigðiskerfinu.



Götuhaus vestarlega við Vesturgötuna.

Verður Vesturgata gerð að vistgötu?

Hugmyndir eru um hvort gera megi Vesturgötu að vistgötu eða auka vægi gangandi verfarenda með öðrum hætti til dæmis með því að breikka. Einnig að bæta aðstöðu fyrir þá sem kjósa að ferðast um á reiðhjólum.

Í skipulagsráði Reykjavíkurborgar hefur verið rætt að bæta tengingar gatna á þessu svæði. Þar eru þrjár megin gönguleiðir, um Mýrargötu, Vesturgötu og Nýlendugötu. Engin þeirra er þó talin fullkomin fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Með byggingu bílakjallara á Héðinsreit skapast tækifæri til þess að fækka bílastæðum ofanjarðar þótt einnig verði að líta til þess að um íbúðahverfi sé að ræða þar sem áfram verði þörf á bílastæðum þótt í minna mæli kunni að verða.

Ásýnd vestasta hluta Vesturbæjarins breytist

- um 300 nýjar íbúðir byggðar á nokkrum árum



Gert er ráð fyrir inngarði að baki bygginganna á Héðinsreit.

Ásýnd vestasta hlut Vesturbæjarins mun taka miklum breytingum á næstu árum. Þá munu byggingar sem nú er unnið að undirbúningi að rísa frá jörðu. Jarðvinna er hafin á Héðinsreit og stefnt er að því að byggingaframkvæmdir hefjist fyrir áramót.

Hönnun fyrst áfanga er langt komin og gert er

ráð fyrir að þær íbúðir sem byggðar verða í honum verði tilbúnar fyrir lok ársins 2023. Þá er gert ráð fyrir að bygging íbúða í öðrum áfanga hefjist um áramót 2022 til 2023. Til viðbótar þess er hafinn undirbúningur að byggingu 100 íbúða á reit sem kenndur er við Mýrargötu. Alls verður því um 300 nýjar íbúðir að ræða.

Kjósum VG 25. september

Þú velur hver stjórnar

Enginn afsláttur í loftslagsmálum

Réttlátt skattkerfi

Tækifæri eiga ekki að vera forréttindi



Verið velkomin í heimsókn til okkar á kosningaskrifstofu VG í Reykjavík. VG Portið – Bankastræti 2, Torfunni. Opíð 15–18 virka daga, 13–17 um helgar.



Alþingiskosningar 2021



Nýir kjörstaðir í Reykjavík: Álftamýrarskóli – Foldaskóli – Frostskjól – Höfðatorg – Rimaskóli

Við komandi alþingiskosningar verða fimm nýir kjörstaðir í Reykjavík.

Álftamýrarskóli – afmarkast af Kringlumýrarbraut, Miklubraut, Suðurlandsbraut og Grensásvegi

Höfðatorg – afmarkast af Snorrabraut, Laugavegi og Kringlumýrarbraut

Foldaskóli – kjósendur voru áður í Íþróttamiðstöðinni í Grafarvogi

Frostaskjól – afmarkast af Hofsvallagötu og Hringbraut

Rimaskóli – Grafarvogur milli Hallsvegar og Borgavegar

Í Reykjavík er hægt að fletta upp sínum kjörstað og kjördeild eftir heimilisfangi á vef borgarinnar: reykjavik.is/kosningar
Einnig er hægt að að hringja í upplýsingaver Reykjavíkurborgar í síma 411-4915.

Parliamentary elections 2021

New polling stations in Reykjavík: Álftamýrarskóli – Foldaskóli – Frostskjól – Höfðatorg – Rimaskóli

There will be five new polling stations in Reykjavík in the upcoming Parliamentary elections.

Álftamýrarskóli – serving the area between Kringlumýrarbraut, Miklubraut, Suðurlandsbraut and Grensásvegur

Höfðatorg – serving the area between Snorrabraut, Laugavegur and Kringlumýrarbraut

Foldaskóli – for all those that previously voted in the sports center in Grafarvogur

Frostaskjól – serving the area west of Hofsvallagata south of Hringbraut

Rimaskóli – serving Grafarvogur between Hallsvegar and Borgavegar
Residents in Reykjavík can look up their polling station on the Reykjavik City website: reykjavik.is/kosningar It is also possible to call the Reykjavik City elections help desk on 411-4915.

Wybory parlamentarne 2021

Nowe lokale wyborcze w Reykjavíku: Álftamýrarskóli – Foldaskóli – Frostaskjól – Höfðatorg - Rimaskóli

Podczas nadchodzących wyborów parlamentarnych zostanie utworzonych pięć nowych lokali wyborczych w Reykjavíku.

Álftamýrarskóli – granice stanowią Kringlumýrarbraut, Miklubraut, Suðurlandsbraut oraz Grensásvegur

Höfðatorg – granice stanowią Snorrabraut, Laugavegur oraz Kringlumýrarbraut

Foldaskóli – dla wyborców głosujących wcześniej w Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

Frostaskjól – granice stanowią Hofsvallagata i Hringbraut

Rimaskóli – Grafarvogur pomiędzy Hallsvegar i Borgavegur

W Reykjavíku można wyszukać swój lokal i obwód wyborczy według adresu na stronie internetowej miasta:

reykjavik.is/kosningar

Można się również skontaktować telefonicznie z centrum informacyjnym miasta Reykjavík pod numerem telefonu 411-4915.



Funkis-stíllinn og samvinnuhúsin í Vesturbænum

Seint á þriðja áratug liðinnar aldar og í upphafi þess fjórða fór svonefnd funkis-stefna í húsagerðarlist að koma fram hér á landi. Fyrstu húsin sem reist voru í anda hennar voru byggð við Garðastræti. Nokkrum árum síðar var byggt heilt hverfi húsa í Vesturbænum sem báru sterk einkenni og yfirbragð funkis-stefnunnar. Þau hús eru við Ásvallagötu og hafa stundum verið kölluð samvinnuhúsin. Funkis-stefnan í húsagerðarlist barst í upphafi frá Evrópu. Þessi stefna kom fram samtíma modernismannum eða nútímastefnunni eins og snúa má þessu hugtaki á íslensku. Raunar féllu þær saman að flestu leyti. Funkissjónistar aðhylltust stílhreina hönnun. Arkitektúrinn átti ekki að skapa skraut í hífylum hinna efnameiri, heldur átti alþýðan einnig rétt á því að búa í heilsusamlegu, einföldu og góðu húsnæði. Þessi nýja sýn á samfélagið var einn þáttur í mótun byggingarlistarinnar.

Fyrsta húsið sem teiknað var innblásið af þessarar nýju stefnu er við Garðastræti 41 í Reykjavík. Sigurður Guðmundsson arkitekt teiknaði húsið og húsbyggjandinn var Ólafur Thors formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra með nokkrum hléum fram á sjöunda tug aldarinnar. Hús Ólafs þótti mjög nýstárlegt að útliti. Flatt þak, rennisléttir veggir og gluggar sem náðu út fyrir horn án þess að sérstakrar styrktarsúlu nyti við voru áberandi. Árið 1968 var byggt við húsið og því breytt frá upprunalegri gerð. Funkis stíleinkennin eru því ekki jafn augljós og þau voru í upphafi. Nokkru síðar var annað hús byggt við Garðastræti er bar sömu einkenni. Er það Garðastræti 37 sem Gunnlaugur Halldórsson arkitekt teiknaði fyrir Magnús Víglundsson. Þessu húsi hefur verið breytt í tímans rás meðal annars með viðbyggingu. Þar er nú LMG Lögmannsstofan.

Sigurður, Einar og Þórir

Segja má að forgöngumenn þessarar stefnu hafi verið arkitektarnir Sigurður Guðmundsson, Einar Sveinsson

og Þórir Baldvinsson. Sigurður Guðmundsson var annar í röð þeirra Íslendinga sem fyrstir nutu háskólamenntunar í byggingarlist í upphafi aldarinnar, næstur á eftir frumherjanum, Guðjóni Samuélssyni. Árið 1925 hóf hann rekstur fyrstu einkareknu arkitektastofunnar hér á landi og starfrækti hana allt til dauðadags árið 1958, seinustu tuttugu árin í samvinnu við Eirík Einarsson arkitekt. Einar Sveinsson var ráðinn húsameistari Reykjavíkurbæjar 1934. Í hans verkahring kom að skipuleggja ný hverfi í Reykjavík í samráði við bæjarverkræðing. Hugmyndir hans um hvernig ætti að skipuleggja íbúðahverfi tóku mið af ákveðinni rökhugsun. Húsin áttu að vera staðsett á lóðum með tilliti sólaráttar, þannig að garðurinn væri alltaf sólmeginn. Dæmi voru um þessa skipulagshugsun í eldri hverfum í Reykjavík frá fyrri tíð, en í hverfum Einars Sveinssonar fór saman rökhugsun í mótun umhverfisins. Einnig var útlit húsa undir skýrum áhrifum frá þessari nýju stefnu. Þórir Baldvinsson arkitekt var menntaður í San Francisco í Bandaríkjunum. Hann var fyrsti arkitektinn sem lærði vestanhafs og þótt funkis-stefnan sé evrópsk að upphafi vann hann mikið í anda hennar. Hann er höfundur nokkurra fyrstu funkishúsanna. Þórir starfaði á Teiknistofu landbúnaðarins í tæp fjórutíu ár, frá 1930, og var forstöðumaður hennar frá 1937. Hann hafði umtalsverð áhrif á íslenska byggingarlist, einkum með teikningum mannvirkja íslenskra sveitabýla. T-byggingar þar sem fóðurgeymsla gengur þvert á gripahús má að nokkru rekja til Þóris. Að einhverju leyti má rekja þessa hugsun til þess að létta störf við hirðingu búfjárins. Að því leyti fellur hún að hugsun modernismans.

Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur

Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur reisti íbúðarbyggð á reit sem afmarkast af Hringbraut, Vesturvallagötu, Sólvallagötu og Bræðraborgarstíg 1934 til 1935. Húsin voru ýmist steinsteypt eða byggð út timbri. Bæjaryfirvöld veittu undanþágur fyrir byggingu



Samvinnuhúsin við Ásvallagötu. Myndin var tekin skömmu efir byggingu þeirra og umhverfið hefur breyst mikið á rúmum 80 árum frá því þau voru byggð. Flestum þeirra hefur veri breytt og gróðurinn umvefur þessa byggð í dag.



Lítið breytt samvinnuhús við Ásvallagötu.

svo margra timburhúsa. Eftir brunann mikla í Reykjavík 24. apríl 1915 þegar mestur hluti miðbæjarins varð eldi að bráð að

loknu brúðkaupi Jósefinu Zoéga og Mr. Hobbs fiskkaupmanns á Hótel Reykjavík var ákveðið að steinsteypa yrði framtíðar

byggingarefni í borginni. Húsaraðir sem byggðar voru á vegum Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur og gengu undir heitinu



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



WWW.ASWEKGROW.IS



Garðastræti 37 var fyrstu árin heimili Magnúsar Víglundssonar og hann mun hafa stýrt rekstri sínum þaðan. Ríkissjóður keypti húsið 1965. Þar hafði Tunnuverksmiðja ríkisins aðsetur um tíma og einnig hin sögufræga Síldarútsvegsnefnd sem húsið var síðar kennt við. Húsið var selt í annað sinn og þá fluttu auglýsingastofan Fíton og margmiðlunar-fyrirtækið Atómstöðin þangað um aldamótin.



Garðastræti 41 eftir að byggt var við húsið. Húsið var heimili Ólafs Thors og Ingibjargar konu hans. Vinnuveitendasamband Íslands eignaðist síðar húsið og höfðu Samtök atvinnurekenda þar höfuðstöðvar um árabil. Kínverska sendiráðið eignaðist húsið þegar Samtök atvinnulífsins fluttu í Borgartún.

Samvinnubústaðirnir. Þessi nýju hús voru öll byggð undir sterkum áhrifum funkisismans og mörg þeirra teiknuð af Þóri Baldvinsyni. Þessi hús voru sér á parti og eru það í rauninni enn. Sá hluti húsanna sem var úr timbri var ýmist múrhúðaður eða klæddur bárujárni, en einnig voru nokkur með timburklæðningu. Samvinnubústaðirnir voru eins konar millistéttarhverfi í Reykjavík þar sem húsin voru nokkuð dýr. Þarna voru byggðar 39 íbúðir, þar af 33 einbýlishús og er Ásvallagata 67 eitt af þessum húsum. Það mun eina húsið sem ekkert hefur verið breytt frá upphafi. Fyrsti eigandi að Ásvallagötu 67 var Eysteinn Jónsson, fyrrverandi ráðherra,

sem var einn af stofnendum Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, sem var hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Eysteinn og fjölskylda bjuggu í húsinu til ársins 1984 en þá keyptu húsið þau Hafsteinn Þór Stefánsson, fyrrverandi skólastjóri Fjölbautaskólans í Ármúla, og Bryndís Guðjónsdóttir bankastarfsmaður.

Ýmsir ágallar

Ýmsir ágallar reyndist koma fram á þessum fyrstu funkis húsum sem byggð voru á árunum milli 1930 og 1935 og einkum tæknilegir. Á þessum tíma skorti kunnáttu til að gera flöt þök eða lítið hallandi

og því reyndust þökin á sumum þessara húsa ekki nógu vel. Lekavandamál skutu upp kollinum og fljótlega hurfu menn frá því að byggja marflöt þök. Þessi nýja húsagerð gekk í gegnum aðlögun að íslenskum aðstæðum. Hana má sjá á húsum við Hávallaötu í Reykjavík, þar eru komin svonefnd valmaþök sem halla í fjórar áttir sem komu í staðinn fyrir flötu þökin. Einfaldleiki og notagildi húsanna breyttust þó ekki við þessa aðlögun að íslensku veðurfari. Ákveðnir byggingarhættir hér á landi ýttu einnig undir útbreiðslu þessarar stefnu. Steinsteypa sem byggingarefni í almennum íbúðarhúsabyggingum var notuð í meira mæli hér en erlendis og þessi ný stíll féll vel að

efniseiginleikum steinsteypunnar. Funkis-stíllinn eða afkomendur hans hafa enst vel í íslenskrí byggingarsögu. Flestar byggingar

sem risið hafa á undanförunum árum og áratugum bera að einhverju leyti vitni um þennan byggingastíl.

Símahulstur og veski fyrir flestar gerðir farsíma



AUKAHLUTIR
netverslun

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma

aukahlutir.is



ÉG ÓSKA EFTIR ÞÍNUM STUÐNINGI TIL ÁFRAMHALDANDI GÓÐRA VERKA

Lilja Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra
1. sæti í Reykjavík suður



Yngra fólk vill breyta samgönguvenjum

- en gamlingjarnir ríghalda í stýrið



Einkabíll – færri og færri kjósa hann til að fara til og frá vinnu.

Peir sem eru 70 ára og eldri halda fast í stýrið en yngri kynslóðin vill helst nota aðrar leiðir til að fara til og frá vinnu. Þetta kemur fram í nýrri könnun á ferðavenjum, sem Maskína gerði fyrir Reykjavíkurborg í júní en þetta er í fjórða sinn sem hún er gerð með þessum hætti.

Spurt var meðal annars hvernig fólk vildi helst ferðast til vinnu. Um 75% þeirra sem fara sem bílstjórar á einkabíl segjast 59%, eða aðeins þrjár af hverjum fimm, vilja fara á bílnum til og frá vinnu. Ríflega 40% vilja helst fara með öðru móti. Slétt 13% bílstjóra væru helst til að ferðast á reiðhjól, á milli 12 til 13% fótgangandi og um 8% í strætó. Af heildarsvörum má sjá að 6,6% hjóla og 8,2% ganga til og frá vinnu. Þessi tala hækkaði í um 18% í hvorum hópi þegar spurt var um hvernig fólk vildi helst fara í vinnuna. Mikill munur er á milli kynslóða. Segja má að minnihluti 50 ára og yngri vilji fara á bílnum, en um 72% sjötíu ára og eldri vill fara akandi á einkabíl. Menntun er áhrifapáttur að þessu leyti því slétt 72% þeirra sem eru með grunnskólaskólapróf vilja vera á einkabíl en 42 til 43% þeirra sem lokið hafa háskólaprófi kjósa fremur aðra samgöngumáta.

Lýðræði virkjað í Reykjavík

Lýðræðið stendur traustum fótum á Íslandi en það er ekki náttúruleg mál heldur fjöregg sem þarf að hlúa að. Ný lýðræðisstefna borgarinnar er tilbúin og verður vonandi samþykkt í borgarstjórn í haust eftir góða þverpólítiska vinnu og ítarlegt umsnarferli. Þar eru lagðar línur um hvernig megi valdefla borgarbúa með virkri aðkomu þeirra að ákvarðanatöku í borgarsamfélaginu. Í aðgerðaáætlun stefnunnar eru kynntar til sögunnar ýmsar tillögur um leiðir til að auka áhrif íbúa á ákvarðanatöku og stefnumótun, s.s. árleg borgarþing um brýn málefni borgarbúa, lýðræðisáttavita til að leiðbeina um helstu leiðir íbúanna til að hafa áhrif, borgarkönnunum til að kalla eftir vilja íbúa í mikilvægum álitamálum að ógleymdum ýmsum lýðræðisverkefnum í skóla- og frístundastarfi.

Hverfið mitt er dæmi um lýðræðisverkefni sem hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförunum árum. Þátttakan fór rólega af stað en hefur vaxið ár frá ári og er nú svo komið að rúmlega 12,5% borgarbúa taka þátt í kosningunni að meðaltali. Kjörsóknin hefur vaxið um helming á þeim 8 árum sem kosningin hefur verið við lýði. Hverfið mitt er dýrmætt verkefni því góðar hugmyndir verða til um alla borg og er frábært þegar frumkvæði og hugmyndaauði borgarbúa fá að njóta sín í verki. Kosningaþátttakan er að sigla í yfir 15% í þremur hverfum borgarinnar en í Vesturbænum er hún rúmlega 10% og væri gaman að sjá enn fleiri taka þátt að þessu sinni.

787

Í allri Reykjavík hafa 787 hugmyndir orðið að veruleika síðan Hverfið mitt verkefnið varð til árið 2012, þar af hefur hátt í 90 hugmyndum verið hrint í framkvæmd í Vesturbænum. Meðal skemmtilegra hugmynda sem hlotið hafa brautargengi í Vesturbæ eru tennisvöllur við íþróttahús Hagaskóla, sjónauki við Eiðsgranda, risaróla nærri Sundvík við Ægissíðu, endurbætur á ýmsum leikvöllum, endurbætur á grásleppuskúrum við Ægissíðu að ógleymdum bættum göngutengingum víðsvegar í hverfinu. Síðast en ekki síst má benda á listaverkið Sjávarmál sem vann listasamkeppni í tengslum við Hverfið mitt. Þá hefur birst mikill stuðningur við hugmyndir um að gæða Hagatorg lífi og breyta því í almenningsgarð með fjölbreytta notkunarmöguleika og hyllir undir að sú framtíðarsýn fá framgang í borgarkerfinu.



Skúli Helgason.

Kosningar að hefjast í Hverfið mitt

Nú stýttist í næstu kosningu í Hverfið mitt verkefninu en hún hefst **fimmtudaginn 30. september og stendur til hádegis 14. október**. Allar nánari upplýsingar um kosningarnar má nálgast inni á vefsíðu Reykjavíkurborgar: Kosningar í Hverfið mitt og upplýsingar um Hverfið mitt. Það er afskaplega fljótlegt og auðvelt að kjósa í Hverfið mitt en til að geta kosið þarf að vera með rafræn skilríki í síma eða Íslykil. Asamt því að aðstoð við að kjósa er hægt að fá í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, og á öllum fimm þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar á meðan kosning stendur yfir.

Það eru fjölmargar spennandi hugmyndir í boði til að kjósa um, 30 talsins og myndu skapa enn fjölbreyttari tækifæri til útivistar, hreyfingar og afþreyingar í Vesturbænum. Hugmyndirnar dreifast nokkuð vel yfir allt hverfið og höfða til bæði barna og fullorðinna. Íbúar Vesturbæjar hafa 104 milljónir til umráða að þessu sinni og munar um minna. Nálgast má upplýsingar um hugmyndirnar á vefsíðu verkefnisins: Hverfidmitt.is

Ég hvet alla Vesturbæinga til að taka þátt og leggja sitt af mörkum við að gera frábært hverfi enn betra og mannlífið skemmtilegra. Gangi ykkur vel!

Skúli Helgason er borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Smurþjónusta
Engar tímapantanir!

Kæru nágrannar, við viljum minna á þjónustu okkar í Vatnagörðum 12



Komdu í bílaþríf eða
nýttu þér smurþjónustu
Motormax

MotorMax

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími 545 4040
motormax@motormax.is

Djúphreinsun - Bón - Léttþríf
Alþríf - Mössun - Ceramic húðun



eyesland.is



Ný vefverslun

Gleraugu fyrir alla fjölskylduna

Grandagarði 13 · Glæsibæ, 5. hæð · Sími 510 0110

eyesland

Ný umgjörð um mannlíf í göngugötum kynnt



Þannig hugsa hönnuðir sér umhverfi Skólavörðustígsins. Ætlunin er að færa Regnbogafánann af götunni og finna honum annan stað.

Ný umgjörð fyrir mannlíf er yfirskrift hönnunar göngugatna í Miðborg Reykjavíkur. Göngugötuhluti Laugavegar, Skólavörðustígs og Vegamótastígs fær nýja umgjörð þar sem fagurfræði og auga fyrir sögunni er rauður þráður. Forhönnun þriggja, þverfaglegra hópa á verkefninu 9 skref var kynnt fyrir skipulags- og samgönguráði og borgarráði fyrir skömmu. Tillögurnar voru unnar eftir forskrift og leiðbeiningum borgarhönnunar þar sem aðgengi allra, vörulosun, neyðarakstur og rými fyrir fólk var haft að leiðarljósi.

Í forhönnunar lögð áhersla á tengingu við sögu og náttúru. Dæmi um það er innblástur frá persneskum árstíðagarði við Skólavörðustíg, flæðandi línur fyrir mannlíf og stemningu við gatnamót Laugavegar og Vegamótastígs. Þá má nefna skemmtileg dvalarsvæði í Bankastræti og á Laugavegi þar sem meðal annars er vísað í síldarbeinamyntur í klömbruhleðslur gömlu torfbæjanna. Áhersla er í öllum skrefunum á gróður og dvalarsvæði en með ólíkum hætti eftir því sem hentar hverjum stað. Þarfir notenda og rekstraraðila hafa einnig verið hafðar í fyrirrúmi í verkefninu öllu og hefur gott samráð átt sér stað við hagsmunaaðila göngugatnanna. Þarna verður fólk í forgangi í nýju og öruggu umhverfi samþættrar göngugötu. Nafnið 9 skref er beinlínis dregið af því að göngugötusvæðinu er skipt niður í níu skref. Tilgangurinn með því er að skipta niður framkvæmdum svo sem minnst rask hljótist af þeim. Áhersla er lögð á að skrefin verði unnin í sátt við nærumhverfið.



Netverslun:
systrasamlagid.is

Líf og fjör alla daga í frístundaheimilunum

Samhliða skólabyrjun hafa frístundaheimili Tjarnarinnar hafið starfsemi sína á ný - og eins og von er og vísa, þá er þar líf og fjör alla daga. Ný börn og starfsfólk eru á fullu að komast í rútínu, ásamt því að kynna starfinu og hvert öðru betur.

Framundan í frístundaheimilunum okkar er faglegt, fjölbreytt, áhugavekjandi og menntandi starf þar sem unnið er með gildi og markmið menntastefnunnar, en hún miðar að því að efla félagsfærni, sjálfsþekkingu, læsi, sköpun og heilbrigði barna með þátttöku í fjölbreyttu og skemmtilegu starfi þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við leggjum ríka áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð í starfinu okkar og kennum börnum um réttindi sín og annarra á fjölbreyttan máta með því að vinna með barnasáttmálann á aldursviðeigandi hátt og hvetjum þau til þess að nýta rödd sína til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Nýir klúbbbar og smíðjur munu líta dagsins ljós á komandi vetri auk þess sem fjölbreyttar þemavikur þar sem við innleiðum markmið menntastefnunnar



Ég ætla kökur að baka.

verða á dagskrá í allan vetur. Frístundaheimili Tjarnarinnar hefja þemavikuhlaup ársins með því að halda heilsuviku 20. til 24. september nk., þar sem börn og starfsfólk leggja áherslu á andlega og líkamlega vellíðan. Við munum m.a. leggja áherslu á mikilvægi hreyfingar og útiveru, góðrar næringar, nægs svefnis og gildi slökunar, svo eitthvað



Dúkkuleikur á pinna.

sé týnt til af því sem við munum gera með börnunum, en allt miðar þetta að því að gera þau meðvituð um þá þætti sem stuðla að vellíðan þeirra og annarra, en það leggur grunninn að virkri þátttöku þeirra og aukinni færni í skóla- og frístundastarfi.

Heiti potturinn - styrkur í félagsstarfi í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum

Heiti potturinn er sjóður sem styrkir opið félagsstarf í félagsmiðstöðvum og samfélagshúsum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Félagsstarf í félagsmiðstöðvum/ Samfélagshúsum velferðasviðs er vettvangur samskipta og skapandi athafna til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Einstaklingar og hópar geta sótt um styrki vegna verkefna í opnu félagsstarfi s.s. vegna námskeiða, ferðalaga, íþróttaiðkunar, fræðslu og skemmtana.

Leitast skal við að veita styrki til verkefna sem eru opin öllum þátttakendum í félagstarfi og falla að hlutverki félagsmiðstöðva/samfélagshúsa eða teljast á annan hátt vera í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun í félagsstarfi. Sjóðurinn styrkir einnig eflingu og þróun á verkefnum sem þegar eru í gangi.

Markmið

- Að auka þátttöku og virkni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að auka hlut íþróttaiðkunar og hreyfingar í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að efla fræðslu og miðlun upplýsinga í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að rækta félagsauð og auka fjölbreytni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.

Reglur

- Umsækjendur séu eldri en 18 ára.
- Verkefnið verði framkvæmt í vesturbæ, miðborg og hlíðum.
- Úthlutað verður allt að 1.000.000 kr.
- Sjálfstæðir hópar, félög eða einstaklingar geta fengið styrk úr sjóðnum.

Við upphaf verkefnis skrifar styrkþegi undir samning um framkvæmd verkefnisins. Í lok verkefnis skulu styrkþegar gera grein fyrir ráðsstöfun styrksins með lokaskýrslu.

Styrkurinn er skattskyldur.

Umsókn skal senda inn á netfangið: hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is

Nánari upplýsingar veitir Hörður Heiðar Guðbjörnsson í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, sími – 411-1600

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2021.

Umsóknareyðublöð má nálgast inná þessari vefslóð: <https://reykjavik.is/heiti-potturinn-styrkur-i-felagsstarfi-i-vesturbae-midborg-og-hlidum> eða með því að hafa samband við Hörð.

HVERFIÐ
MITT

KOSNING

hverfidmitt.is

Kosningar hefjast
30. september

FRÍSTUNDAHEIMILI OG FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

REYKJAVÍKURBORGAR



ÉG VINN MIKILVÆGASTA STARF Í HEIMI

„Uppeldi og leikur er mitt starf og það fylgir því mikil gleði að vinna með ungu fólki. Það er alltaf gaman að mæta í vinnuna, hér eru allir vinir og eins og ein stór fjölskylda. Ég vinn með frábærum einstaklingum, nýt mikils trausts á vinnustaðnum og hef eignast hér marga góða vini. Starfið hentar mér mjög vel, er með fullt starf á sumrin og í hlutastarfi á veturna með námi.“

Ivana Esperanza, frístundaleiðbeinandi í félagsmiðstöðinni Gleðibankanum

VILTU VINNA MEÐ BÖRNUM OG UNGLINGUM Í ÞÍNU HVERFI?

Frístundamiðstöðin Tjörninn í Vesturbæ, Miðbæ og Hlíðum óskar eftir fólki til starfa.

Við leitum að skapandi fólki með margvísleg áhugamál, reynslu og bakgrunn. Fólki sem hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum og unglingum og móta með þeim fjölbreytt og skemmtilegt frístundastarf.

Um er að ræða störf á frístundaheimilum og í sértækri félagsmiðstöð.

Í boði eru hlutastörf með sveigjanlegum vinnutíma eftir hádegi.

Nánari upplýsingar á www.tjornin.is
og www.reykjavik.is/laus-storf/sfs



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

Leyfum námsfólki að afla aukatekna – án lánaskerðinga

Við hjá Flokki fólksins látum okkur varða um hag námsfólks í framhaldsskólum. Það er í senn ósanngjarnt og ástæðulaust að skerða námslán eða skera þau niður ef námsmenn vinna með sínu námi. Það er ekki verið að gefa þeim peningana, þetta eru lán sem þeir endurgreiða að fullu á vöxtum. Svo það kostar ríkið ekkert að fella niður þessa reglu.

Brjótum múra – bætum kjörin

Þessu viljum við breyta og til þess liggja nokkrar ástæður:

Það er hvetjandi fyrir námsfólki að finna að samfélagið vill greiða götu þess við krefjandi aðstæður.

Námslánin eru ekki hærri en svo að viðkomandi þarf að lifa meinlætaliði og spara hverja krónu sem er ósanngjarnt. Námsmenn eiga ekki að þurfa að hokra!

Fólk, sem vinnur með námi, greiðir skatta og skyldur af tekjunum svo að ríkið græðir líka.

Að mega ekki vinna frjálst með námi getur skapað biturð gagnvart ríkisvaldinu sem er óþarfi.

Námsfólk hefur gott af því fara út fyrir boxið og kynnast alls konar starfsumhverfi. Það er dýrmæt reynsla sem fylgir því út í lífið.


Það bráðvantar gott starfsfólk í aukavinnu og hlutastörf t.d. á veitingahúsum, skemmtistöðum, hótélum og allskyns þjónustufyrirtækjum sem eru með mismunandi álagstíma.

Allir græða, námsfólk fær aukakrónur og atvinnurekandinn fær gott starfsfólk!

Fólkið fyrst – svo allt hitt!

Tómas A. Tómasson, veitingamaður, er oddviti Flokks fólksins í Reykjavíkurborg norður.

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur og borgarfulltrúi, skipar 2. sæti á framboðslista Flokks fólksins í Reykjavíkurborg norður.



Tómas A. Tómasson.



Kolbrún Baldursdóttir.

Við lok kjörtímabils

Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur sem nú situr var mynduð þvert á hið pólitíska svið, frá vinstri til hægri. Ríkisstjórnin hafði skýra sýn um uppbyggingu velferðarkerfisins og umbætur á mörgum sviðum sem hefðu það markmið að á Íslandi yrði gott að lifa, fyrir unga sem aldna.

Þegar lítið er yfir kjörtímabilið sem nú er að renna sitt skeið getum við í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði verið stolt af árangri ríkisstjórnarinnar. Verkefni sem unnið hefur verið að og klárað á tímabilinu endurspeglar vel grunnstöðirnar í stefnu VG; umhverfisvernd, kvenfrelsi, alþjóðlega friðarhyggju og félagslegt réttlæti og eru til þess fallin að byggja hér upp gott samfélag, þar sem jöfnuð ríkir.

Mig langar til að nefna nokkur verkefni sem hafa verið unnin á kjörtímabilinu.

Í heilbrigðismálum hefur heilbrigðisstefna verið samþykkt, 140 ný hjúkrunarrými verið byggð og aðstaða bætt í enn fleirum, greiðsluþátttaka sjúklinga hefur verið lækkuð verulega, framlög til heilsugæslunnar aukin um 25% og framkvæmdir fjármagnaðar og hafnar við nýtt þjóðarsjúkrahús.

Í jafnréttismálum má nefna að ný löggið um þungunarrof, sem ég lagði fram á Alþingi, var samþykkt, en lög in tryggja sjálfsforræði og sjálfsákvörðunarrétt kvenna yfir eigin líkama. Einnig má nefna þá breytingu sem gerð hefur verið að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður mega nú skrifa upp á getnaðarvarnarlyf. Réttur til að skilgreina eigið kyn hefur verið tryggður með nýjum lögum um kynrænt sjálfræði og fæðingarorlof lengt úr níu mánuðum í heilt ár.

Lögð hefur verið áhersla á umhverfismál á

kjörtímabilinu. Stórátak var gert í friðlýsingum svæða, fyrsta fjármagnaða aðgerðaáætlunin gegn loftslagsvánni unnin og Loftslagsráð og Loftslagsstjóður stofnuð. Innleiðing hringrásarhagkerfisins hófst af krafti, m.a. með breytingum á lögum um úrgangsmál og hringrásarhagkerfi sett af stað.

Mikilvægar aðgerðir í lýðræðismálum hafa orðið að veruleika á tímabilinu. Lög-gjafar-, fjárfstjórnar- og eftirlitshlutverk Alþingis hefur verið styrkt á kjörtímabilinu með auknum stuðningi við nefndarstarf og þingflokka, skatt-rannsóknir eflar og mörk sett á eignarhald á landi með nýjum jarðalögum, svo nokkur dæmi séu tekin.

Ef við ræðum velferðarmál sérstaklega þá má nefna að hlutdeildarlán fyrir nýtt fólk á húsnæðis-markaði voru sett á, en þau geta hjálpað tekjulögum fyrstu kaupendum að ná kröfu um fyrstu útborgun, 35% lækkun á skerðingu örorkulífeyrisþega gagnvart atvinnutekjum varð, 75.000 kr. hækkun á frítekjum-marki aldraðra og 35% hækkun grunnatvinnuleysis-bóta á tímabilinu.

Ríkisstjórn sem Vinstrihreyfingin grænt framboð leiðir er besta mögulega ríkisstjórnin, fyrir samfélagið allt. Veljum Vinstri græn.

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra.



Svandís Svavarsdóttir.

Eru þarfir Melabúðarinnar þær sömu og Bónuss?

Um 70% launþega á almennum markaði starfa hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Samfélagslegt mikilvægi slíkra fyrirtækja er gríðarlegt, enda eru þau um 14 þúsund talsins. Gróskan á þessu sviði samfélagsins er til marks um drifkraft einstaklinga, sem ýmist hafa menntað sig til sérstakra starfa eða fengið viðskiptahugmynd sem þeir trúa á. Eins og fjöldinn gefur til kynna eru fyrirtækin margvísleg og tryggja framboð af vörum og þjónustu sem enginn vill vera án – verslanir og veitingastaðir, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf, smíðþjónusta, nudd- og hársnyrtistofur, tækni- og sprotafyrirtæki af öllum gerðum, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, lækningar, félagsrágjafar, sálfræðingar o.s.frv. Listinn er endalaus, rétt eins og mikilvægi litilla og meðalstórra fyrirtækja er fyrir okkur öll.

Regluverk hins opinbera tekur hins vegar lítið mið af ólíkum aðstæðum og þörfum fyrirtækja í landinu. Því vill Framsóknarflokkurinn breyta og hefur því lagt til þrepaskipt tryggingagjald og þrepaskiptan tekjuskatt á fyrirtæki. Okkur finnst sú nálgun sanngjörn – rétt eins og skatthlutfall einstaklinga hækkar eftir því sem tekjur þeirra eru hærri, upp að ákveðnu marki. Það verður heldur ekki lítið fram hjá því, að eigendur smærri fyrirtækja hafa oftar en ekki lagt mikið undir svo reksturinn geti gengið. Lagt allt sitt sparifé í stofnun fyrirtækis og veðsett húsið sitt fyrir rekstrarláni, sem fæst tæpast með öðrum leiðum. Stórfyrirtæki hafa hins vegar í dýpri vasa að ganga, eigendur þeirra eru margir og persónuleg áhætta stjórnenda og eigenda af rekstrinum er hverfandi. Fjármálastofnanir taka betur á móti

þeim en fjölskyldum sem vilja gefa viðskiptahugmyndum sínum líf og kröfur kerfisins til einrykja- og fjölskyldufyrirtækja eru jafn miklar og stórfyrirtækja.

Stórfyrirtækin skipta líka sköpum – ekki halda annað – en staða þeirra gagnvart þeim minni er gríðarlega sterk. Þetta sést í mörgum geirum atvinnulífsins, þar sem fákeppni er ríkjandi og litlir mega sín lítills gagnvart stórum. Stærðarhagkvæmni í rekstri fyrirtækja verður alltaf til staðar, en gróskan og nýsköpunin er síst minni hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Getu þeirra til að fylla út eyðublöð, fylgjast með síbreytilegri lagaumgjörð, berjast fyrir hagsmunum sínum og leggja út í kostnaðarsamar breytingar er hins vegar minni.

Lítill og meðalstór fyrirtæki skapa 150 þúsund störf og ómæld verðmæti í samfélaginu. Það er skylda stjórnvalda – bæði ríkis og borgar – að styðja frumkvæði einstaklinga og fjölskyldna svo lítill og meðalstór fyrirtæki verði áfram traust akkeri í atvinnulífinu.

Höfundur: Aðalsteinn Haukur Sverrisson 2. sæti á lista Framsóknar í Reykjavík suður



Aðalsteinn Haukur Sverrisson.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Netverslun: systrasamlagid.is

RECARO
Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Flokkur Fólksins

XF

Tommi og Kolla í Reykjavík Norður

Við erum hér fyrir þig



Tómas A. Tómasson

Oddviti í Reykjavík Norður

Kolbrún Baldursdóttir

2. sæti í Reykjavík Norður

Settu X við F – fyrir þína framtíð!

Það er kosið um framtíðarsýn fyrir Ísland

Oft er talað um það á vettvangi stjórnmálanna að stöðugleiki sé mikilvægur. Þetta heyrir ekki síst núna af hálfu ríkisstjórnarflokkanna þriggja. Stöðugleiki er grundvallarþáttur en hann má þó ekki vera réttlætning fyrir að styðja ekki hagsmunum almennings. Þá er stöðugleikinn ekki orðinn annað en skjól sérhagsmuna. Þessar kosningar snúast um í hvernig samfélagi við viljum búa og hvernig samfélagi við viljum skila til næstu kynslóðar. Þegar við hugsum um framtíðarsýn fyrir Ísland þá þarf að hugsa um hvernig við nálgumst breytingar. Sagan hefur sýnt okkur að þegar breytingar komast til framkvæmda, þá er sjaldan litið um öxl. Miklu frekar spyrjum við okkur að því hvers vegna breytingarnar tóku svona langan tíma.



Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Við viljum sanngirni um fiskimiðin

Almenningur hefur til dæmis lengi kallað eftir kerfi sem tryggir almenningi sanngjarna greiðslu fyrir afnot af fiskimiðunum. Ríkissjóður verður af milljörðum á hverju ári vegna þessa kerfis. Milljörðum sem nýta mætti í samfélagslega mikilvæg verkefni eins og heilbrigðisþjónustu og skóla og bæta þannig lífsgæði okkar til muna. Afstaða þjóðarinnar til þess hvort markaðurinn eigi að ráða verðinu á verðmætum fiskimiðanna er skýr. Þjóðin virðist treysta markaðnum. En í nafni stöðugleikans hafa ríkisstjórnarflokkarnir farið gegn hagsmunum almennings í hvívetna. Útgerðin greiðir lágt veiðigjald sem ákvarðað er af stjórnmálunum. Stöðugleiki í þessu máli þjónar þess vegna hvorki hagsmunum almennings né ríkissjóðs. Eðlilegar breytingar munu hins vegar bæta hag almennings, ríkissjóðs og atvinnugreinarinnar. Með heilbrigðum leikreglum fæst sanngjarnt gjald til þjóðarinnar og meiri arðsemi í greininni án þess að kollvarpa núverandi kerfi sem hefur marga kosti. Þetta er hin skynsama leið sem mun skapa sátt um sjávarauðlindina.

Við viljum bæta kjör fjölskyldna

Með sömu glæraugum mætti spyrja hvers vegna við erum með örmynt, gjaldmiðil sem erfiðar almenningi á Íslandi að eignast húsnæði? Sem gerir að verkum að vextir af húsnæðislánum eru margfalt hærri hér en í nágrannaríkjunum? Og leiðir af sér að matarkarfan er umtalsvert dýrari? Við viljum bæta kjör almennings og fyrirtækja með því að tengja krónuna við evru sem mun skila lægri vöxtum. Þetta er eitt stærsta kjaramál fjölskyldna í landinu.

Við viljum gefa heilbrigðiskerfinu tækifæri

Okkar stefna er að styrkja Landspítalann þannig að hann geti uppfyllt þær gæðakröfur sem gerðar eru til aðalsjúkrahúss þjóðarinnar. Íslenskt heilbrigðiskerfi verður að vera aðgengilegt fólki óháð efnahag og óháð búsetu. Það er grundvallarafstaða okkar. Um leið er grundvallarafstaða okkar að við viljum ekki takmarka starfsmöguleika heilbrigðisstarfsfólks eins og gert hefur verið undanfarið kjörtímabil. Heilbrigðisstarfsfólk eru eftirsóttustu starfskraftar heims og markmiðið á að vera að laða það hingað. Ríkisstjórnin hefur hins vegar valið að erfiða starf sjálfstætt starfandi lækna, sálfræðinga, sjúkrahjálfa, talmeinafræðinga sem leiðir af sér biðlista sem aldrei fyrr. Við viljum sjá heilbrigðiskerfið blómstra með því að nýta alla starfskrafta þess.

Grænir hvatar eru leiðin

Viðreisn hefur metnaðarfulla stefnu í loftslags- og umhverfismálum. Það á alltaf að borga sig að vera umhverfisvænn. Við viljum stíga stór skref strax í þágu næstu kynslóða. Við erum stolt af góðum árangri okkar hjá Sólinni, ungum umhverfissinum, þar sem Viðreisn var einn þriggja flokka á toppnum. Við nálgumst umhverfismálin eins og Viðreisn hefur nálgast jafnréttismálin: sem leiðarljós í allri stefnu. Það á að vinna allar stefnur út frá því hvaða áhrif aðgerðir hafa í umhverfis- og loftslagsmálum. Ísland hefur þannig náð góðum árangri í kynjajafnrétti, með aðgerðum eins og jafnlaunavottun sem Viðreisn kom í gegn.

Gefðu framtíðinni tækifæri

Það er kosið um áframhald af því sama eða breytingar. Breytingar eru nauðsynlegar fyrir almannahagsmunum og fyrir framtíðina. Viðreisn hefur á fimm ára sögu sýnt í verki að við setjum almannahagsmunum fram sérhagsmunum. Við leggjum ekki til skattahækkanir núna og erum ábyrg í efnahagsmálum. Við eigum að þora að veðja á framtíðina og sækja fram þar sem hægt er að gera betur. Þess vegna á að styðja Viðreisn.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Leiðir lista Viðreisnar í Reykjavíkurborgardæmi norður.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Kæri Reykvíkingur

Það skiptir máli hvað tekur við eftir kosningar. Við höfum staðið vörð um að á Íslandi ríki stöðugleiki sem hefur leitt til betri kjara fyrir okkur öll. Sú áframhaldandi vegferð er ekki sjálfgefin og tækifærin til að gera enn betur mega ekki glatast í glundroða samtínings margra flokka ríkisstjórnar.

Við munum halda áfram að lækka skatta og bæta þannig lífsgæði. Við sýnum ábyrgð, varðveitum stöðugleika og lága vexti. Þannig verður atvinnulífið sterkt, nýsköpun heldur áfram að blómstra og atvinnuleysi minnkar.

Biðlistar í heilbrigðiskerfinu eru ekki í boði. Fólk á að fá nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag, þegar hennar er þörf. Við munum taka upp nýja þjónustutryggingu sem tryggir þér þá heilbrigðisþjónustu sem þú þarft innan 90 daga án þess að þú verðir fyrir auknum kostnaði. Þessi sýn mun ekki verða að veruleika nema með Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn.

Við höfum náð ótrúlega miklum árangri í rafvæðingu bílaflotans og erum í öðru sæti í heiminum í orkuskiptum. Við viljum verða fyrst allra landa til að verða óháð olíu með því að nota græna orku í öllum samgöngum og flutningum. Það er bæði raunhæft og gerlegt en fyrst og síðast nauðsynlegt í loftslagsbaráttunni.

Það þarf að veita málefnum aldraðra sérstaka athygli. Við viljum bæta við aðgerðir síðasta kjörtímabils og hækka frítækjumarakið í 200 þúsund

á mánuði, strax 1. janúar 2022. Við viljum að allir geti tekið virkan þátt í atvinnulífnum og bætt sín lífskjör. Enn fremur er lykilatriði að tryggja fjölbreytt búsetuúrræði fyrir eldri borgara og gera fólki kleift að búa eins lengi heima hjá sér og mögulegt er.

Okkar stefna er skýr, við höfum fulla ástæðu til bjartsýni og aðgerðir Sjálfstæðisflokksins hafa skilað árangri. Atvinnulífið styrkist á ný, skattar hafa lækkað og lífskjör okkar eru betri, þrátt fyrir heimsfaraldur. Við erum á réttri leið og getum vaxið áfram á næstu fjórum árum.

Við ætlum að tryggja að Ísland sé og verði áfram land tækifæranna. Því óskum við eftir þínum stuðningi í komandi kosningum.

Fyrir hönd frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir & Guðlaugur Þór Þórðarson



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.



Guðlaugur Þór Þórðarson.

Lífið í Vesturbænum

Skjerjafjörðurinn verður skertur á næstu misserum þegar hafist verður handa við að byggja upp þétt hverfi í Vesturbænum. „Nýji Skerjafjörðurinn“ er verkefni með þéttri byggð. Forsenda fyrir slíkri byggð í Reykjavík er að fara í umtalsverða landfyllingu. Það skýtur skökku við í allri umræðu um umhverfismál og græn svæði að fara að moka yfir náttúrulegar fjörur í Reykjavík. Nýlega hefur Reykjavíkurborg, með því að olnboga sig áfram í gegnum vanmáttuga og fremur illa skipaða Skipulagsstofnun, verið uppvís af því að heimila Björgun að brjóta land undir sig, land sem Minjastofnun áformaði friðun á Álfsnesi. Þar var brotið blað í skemmdum á minjum á þess að veita Minjastofnun upplýsingar í tíma. Á Álfsnesi og við Perneyjarsund hófst hin raunverulega verslun við Sundin blá. Í sama mund og skemmdir eru unnar á minjum í skjóli kerfisins hleypur ráðherra Umhverfismála um allar koppagrundir við að friða aðrar fjörur og önnur náttúruvætti. Jafnvel hefur brugðið við að Umhverfisstofnun telji sig yfir Minjastofnun hafna. Hvað með menningarminjar Reykjavíkur og þær náttúruminjar sem umhverfisráðherra lætur sér fátt um finnast?

Við vitum það öll sem viljum vita að hræsnin í umhverfismálum er umtalsverð. Ráðherrar ríkisstjórnar Íslands eru margir eins og stjórnlaus fley með fólk og menn sem stefna upp í fjörur í miðju fárviðri fjármálaóreiðunnar. Sama á reyndar við um Reykjavíkurborg sem stendur afar illa. Þegar íslenska ríkið samdi árið 2013 við Reykjavíkurborg virðist sem ekki hafi verið tryggt

að náttúran við Skerjafjörð yrði sett í fyrsta sætið, þ.e. umhverfið í Vesturbænum, lífríkið og landið. Til að draga fjöður yfir þessi ósköp öll er umhverfisráðherra látinn reima á sig skónna og hann látinn friða sem aldrei fyrr. Lokað er augunum fyrir öllu öðru.

Í sama mund og „Hverfið mitt“ er keyrt áfram í henni Reykjavík, með betri borg í huga, koma tillögur um þvílíkt náttúruspjöll sem hér er um að ræða. Sumir sjálfumgláðir ímyndunarumhverfissinnar, uppfullir af ranghugmyndum og sjálfhverfir, hafa m.a. lagt til að Hofsvallagata yrði að „boulevard“ eins og Sóleyjargata varð ætlað að verða. Yrði slík hugmynd að veruleika hefðu þeir íbúar, sem þyrftu að komast á einkabílum sínum í miklum snjóalögum út úr bílastæðum sínum, innlyksa. Ranghugmyndir og óreiða í skipulagsmálum ásamt ímyndunarstjórnmálum er það sem einkennir stjórnleysi bæði hjá ríki og borg.

Stöndum vörð um vistkerfið í Vesturbænum.

Fjóra Hrund Björnsdóttir
Höfundur skipar 1. sæti á lista Miðflokksins í Reykjavíkurborgardæmi suður.



Fjóra Hrund Björnsdóttir.

FYRIRTAK

málningarþjónusta

www.fyrirtak.is

- fyrirtak@fyrirtak.is

- sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

LEIKSKÓLAR

REYKJAVÍKURBORGAR



ÉG VINN MIKILVÆGASTA STARF Í HEIMI

„Ég gegni lykilhlutverki í lífi barnanna í leikskólanum, það er rosalega góð tilfinning. Mér er fagnað eins og hetju þegar ég kem í vinnuna. Er til betri byrjun á deginum en það? Starfsfólkið er æðislegt, maturinn yndislegur og vinnutíminn góður. Ýmis góð hlunnindi fylgja starfinu t.d. frír matur, samgöngustyrkur, ókeypis aðgangur á söfn, heilsustyrkur og frítt í sund, sem er frábært.“

Ólafur Brynjar, leikskólastjóri í Hagaborg

VILTU VINNA Í LEIKSKÓLA Í ÞÍNU HVERFI?

**Leikskólar í Vesturbæ, Miðbæ og Hlíðum
óska eftir fólki til starfa**

Við leitum eftir skapandi og áhugasömu fólki með margvíslega menntun, reynslu og þekkingu sem hefur áhuga á að vinna með ungum börnum. Leikskólalífið er fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi. Engir tveir dagar eru eins en á hverjum degi getum við sameinast um að gera heiminn betri fyrir ung börn. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar er dýrmætur grunnur lagður að þekkingu og þroska barna.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/laus-storf/sfs



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Brotið á börnum á Íslandi

Flokkur fólksins berst gegn fátækt á Íslandi og sækir nú umboð þjóðarinnar til að halda þeirri baráttu áfram á Alþingi. Grundvallarmannréttindi barna og fjölskyldna þeirra hafa alls ekki verið virt sem skyldi hér á landi. Mannréttindi samfélags eiga hvorki að vera háð efnahagi né völdum. Fátækt er samfélagsmeið sem hefur aukist á Íslandi síðustu ár.

Allt að 10.000 fjölskyldur undir lágtekjumörkum

Samkvæmt opinberum tölum er talið að foreldrar um níu til tíu þúsund barna séu undir lágtekjumörkum sem er með öllu óásættanlegt að mati Flokks fólksins. Með slíkan efnahagslegan mun sitja börn ekki við sama borð. Fátækt á barnskuárum getur haft víðtæk áhrif á börn og valdið margvíslegum skaða. Félaglega mismununin sviður sárast. Börn finna til vanmáttar, glíma við brotna sjálfsmýnd og sæta í sumum tilvikum einelti.

Ríkisvaldið hefur alls ekki staðið sig nægjanlega vel gagnvart börnum efnaminni foreldra varðandi sanngjarna dreifingu fjármagns svo að jöfnuðer megi ríkja. Staðreyndin er sú að það búa ekki allar fjölskyldur við sjálfsögð mannréttindi á Íslandi. Sumar fjölskyldur búa við óviðunandi húsnæðisaðstæður ýmist vegna lélegs húsakosts eða þrængsla. Það er heldur ekki lengur nýlunda að fréttar af börnum sem hafa gengið í allt að fjóra grunnskóla vegna tíðra flutninga fjölskyldunnar.

Það er útilokað fyrir fólk á lægstu laununum, öryrkja og fjölmarga eldri borgara sem greiða háa leigu að lifa mannsæmandi lífi. Þetta getum við hjá Flokki fólksins ekki sætt okkur við.

Við krefjumst réttlætis fyrir alla í ríku landi. Merktu x við F ef þú vilt styðja okkur í þeirri baráttu.

Tómas A. Tómasson, veitingamaður, er oddviti Flokks fólksins í Reykjavíkurborginni norður.

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur og borgarfulltrúi, skipar 2. sæti á framboðslista Flokks fólksins í Reykjavíkurborginni norður.



Tómas A. Tómasson.



Kolbrún Baldursdóttir.

Starfið byrjað í Frosta

Starfið hjá Frosta hófst af miklum krafti 25. ágúst síðastliðinn og var súkkulaðikaka á boðstólunum fyrir gesti á fyrstu kvöldopnun annarinnar. Starfsfólkið var mjög spennt að hitta unglíngana og hefur verið mjög góð mæting núna fyrstu þrjár vikurnar.

Brynja Helgadóttir, forstöðukona í Frosta, segir veturinn fara vel af stað. „Veturinn byrjar af krafti og það er mikil og góð stemning í Frosta fyrstu opnarinnar. Þar koma allir nemendur Hagaskóla saman og kynnast þvert á árganga og kynnast afþreyingu sem stendur þeim til boða í félagsmiðstöðinni.“ Dag-skráin í september er síðan stútfull af skemmtilegum viðburðum og má þar nefna kökukeppni, teboð að hætti kóngafólks og fræðslukvöld.

Tíu til tólf ára starfið hófst síðan í byrjun september og hefur mikill metnaður verið settur í það starf og opnaðir fyrir börn í 5.-7. bekk Mela-, Vesturbæjar-, Granda- og Landakotsskóla eru tvisvar í vikur fyrir hvern árgang. Starfið var að mestu til utandyra í



Við billiardborðið í Frosta.


byrjun til að nýta milda haustveðrið og fá skemmtilega hreyfingu í leiðinni. Hægt er að

nálgast allar opnanir á Facebook síðunni: Félagsmiðstöðin Frosti eða á tjornin.is

Hugum að trjágróðri við lóðarmörk

Trjágróður sem vex út fyrir lóðarmörk getur skapað óþægindi fyrir vegfarendur. Umferðarmerki eiga að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Gæta þarf að lágmarkshæð trjágróðurs þar sem vélsópar, snjórúðningstæki og sorphirðubílar þurfa að fara um.

Hugsum út fyrir garðinn svo leiðin sé greið allt árið!



Nánari upplýsingar á reykjavik.is/trjagrodur



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Elín Sigrún, lögmaður
sími 783 8600
elin@buumvel.is
www.buumvel.is



Sérhæfð
lögfræðipjónusta
við búsetuskipti
með áherslu á 60+

KR Lengjudeildarmeistarar 2021



Lengjudeildarmeistarar KR sem leika í efstu deild á næsta ári.

KR-ingar tryggðu sér efsta sætið í Lengjudeild kvenna í fótbolta með 3-0 sigri gegn nágrönnum sínum, Gróttu, í síðustu umferð deildarinnar á Seltjarnarnesi á dögnum.

Það var Kathleen Rebecca Pingel sem skoraði tvö fyrstu mörk KR-liðsins og Aideen Hogan Keane það

þriðja. Fyrir leikinn hafði KR nú þegar tryggt sér sæti í efstu deild.

KR staldraði því einungis í eitt tímabil í næstefstu deild og mun leika þar sem liðið á heima næsta sumar.

Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

Bílastuð Eignaumsjónar - þrjár þjónustuleiðir í boði:

- » **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluáðstöðu og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

ÚTIVISTAR-REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

SAMAN

www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfarin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



xs.is

Alvöru aðgerðir í loftslagsmálum

Kjósum Samfylkinguna á laugardaginn

- **60% samdráttur** losunar fyrir 2030 með metnaðarfullri aðgerðaáætlun
- **Flýtum Borgarlínu** og komum upp grænni tengingu milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur
- **Stokkum upp í landbúnaðarkerfinu** – hættum að skilyrða styrki við kjötframleiðslu

